

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 – Reykjavík.

Reykjavík, 14. maí 2008

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi, 530. mál - þingskjal 831.

Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um rekstrarleyfi, umsókn um rekstrarleyfi og ýmis önnur ákvæði sem uppfylla þarf til að leyfi verði veitt til fiskeldis. Í gildi eru lög um mat á umhverfisáhrifum sem fiskeldi fellur undir og samkvæmt þeim lögum á að skila inn gögnum og gera athuganir á hugsanlegum umverfisáhrifum starfseminnar.

Miklar vonir hafa verið bundnar við eldi fiska hér á landi og hafa rökkuð sjávarútvegsfyrirtæki og fiskeldisfyrirtæki gert tilraunir með fiskeldi um langt árabíl og lagt út í umtalsverðan kostnað til að ná árangri í eldinu. Afar óheppilegt hugtak, vistfræði, kemur víða fyrir í frumvarpinu án þess að það sé skilgreint nánar í skilgreiningum í 3. gr. frumvarpsins.

SA og SF gera eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinarnar frumvarpsins:

9. gr. Málsmeðferð umsóknar.

Gerðar eru athugasemdir við ákvæði. greinarinnar þar sem fyrir koma orðin sjúkdómar, fisksjúkdómar eða vistfræði. Ákvæði greinarinnar eru verulega þyngjandi og heftandi fyrir fiskeldisfyrirtæki umfram ýtarlegar kröfur í 8. gr. og verulega hagsmunatengd veiðiréttarhöfum. Verði greinin samþykkt óbreytt er óljóst hvort ný tækifæri í fiskeldi verði nýtt.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því að aflað sé umsagnar hjá undirstofnunum sjávarútvegsráðuneytisins varðandi leyfisveitingu sem ætti að vera fullnægjandi. Hugtakið „neikvæð vistfræðileg áhrif“ eru óljós og ekki nánar skilgreind í frumvarpinu, sem býður upp á ófyrirséðan ágreining um túlkun hugtaksins. Er því æskilegt að skýrt sé hvað við sé átt því fiskeldisfyrirtæki sem og önnur fyrirtæki yfir ákveðinni stærð falla undir lög um umhverfismat.

Í 2. mgr. 9. gr. er heimild fyrir Fiskistofu um að krefjast ýmissa rannsókna á kostnað umsækjanda sem eru umfram kröfur í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Því er harðlega mótmælt og vandséð að fyrirtækin geti tekið til starfa undir slíkum opnum ákvæðum umfram það sem um getur í öðrum lögum..

Lagt er til að 9. gr. orðist svo:

1. mgr. Við meðferð umsóknar.....skal Fiskistofa leggja mat á áreiðanleika fyrirliggjandi gagna og áhættuþætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar getur Fiskistofa krafist þess að umsækjandi skýri nánar einstök atriði sem talin eru ófullnægjandi að mati Fiskistofu.

14. gr. Eftirlit og skýrslugjöf. 4. mgr.

Fyrir eftirlit Fiskistofu eðaskal greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Að mati SF þarf að skilgreina ítarlega, við hvaða kostnað skal miða, við innheimtu eftirlitsgjalds. Orðalag um gjaldtöku verði ekki rýmri en ESB reglugerðir heimila, taki tillit til áhættu, aðstæðna og stærðar fyrirtækja.

4. mgr. orðist svo:

Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald. Miða skal eftirlitsgjaldið við laun og launatengd gjöld starfsfólks við eftirlit hjá viðkomandi fyrirtæki og útlagðan kostnað vegna starfsfólks sem framkvæmir eftirlitið þ.m.t. vegna ferðalaga, aðstöðu, áhalda, þjálfunar og tengds kostnaðar. Skipuleggja skal opinbert eftirlit þannig að eftirlitskostnaður verði í lágmarki. Eftirlitsgjald skal innheimt.....(endir 4. mgr. óbreyttur)

20. gr. Eldisbúnaður.

Ákvæði 1. mgr. um að innflutningur á notuðum eldisbúnaði sé óheimill er tæknileg viðskiptahindrun um kaup á búnaði sem samræmist ekki reglugerðum ESB. Greinin stangast einnig á við 8. gr. laga um fiskisjúkdóma, nr. 60/2006, en í henni er greint frá skyldu um að sóttgreinsa búnað sem notaður hefur verið erlendis. Samtökin eru sammála því að fara beri varlega í innflutningi á notuðum búnaði e eru jafnframt fylgjandi stýrðum undanþágum undir eftirliti því margan búnað er mjög auðvelt að sóttgreinsa á fullnægjandi hátt.

Lagt er til að 20 gr verði breytt á þann hátt að

skylt sé að sóttgreinsa eldisbúnað þ.m.t. eldiskvíar, eldisker, fóðrar, fiskidælur og báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið. Sjávarútvegs - landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd og eftirlit með sóttgreinsun samkvæmt grein þessari.

Verði ekki fallist á framangreinda breytingartillögu er lagt til að 2. málsliður 1. mgr. orðist svo:

Til slíks búnaðar teljast tóg, nætur og annar búnaður sem sannanlega er erfitt að tryggja fullnægjandi sóttgreinsun að mati Matvælastofnunar.

SA og SF gera ekki athugasemdir við frumvörpin á þingskjali 832 – 531. Mál og þingskjail 855 – 554. mál og styðja að þau verði að lögum.

Fyrir hönd Samtaka fiskvinnslustöðva:

Fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins:

Virðingarfyllst,

Virðingarfyllst,

Guðbergur Rúnarsson

Jón H. Magnússon